



Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík


Reykjavík 13. febrúar 2023

Efni: Beiðni um launaupplýsingar

Á fundi velferðarnefndar Alþingis 17. janúar 2023 þar sem fjallað var um stöðuna á Landspítala vegna aðstæðna á bráðamóttöku í Fossvogi, var óskað eftir upplýsingum um launakjör hjúkrunarfræðinga.

Talsvert hefur verið fjallað um laun hjúkrunarfræðinga í kjölfar vangaveltna sem upp komu í Silfrinu á RÚV 8. janúar, þar sem bent var á að meðaltal heildarlauna hjúkrunarfræðinga á mánuði væru komin yfir eina milljón króna. Spurt var, hvað væri nóg?


Ekki var spurt hvaða vinna og álag lægi á bak við þessar greiðslur en stór þáttur í heildarlaunum hjúkrunarfræðinga er fyrir vinnu sem unnin er umfram hefðbundinn vinnutíma. Þannig var hlutfall dagvinnu af heildarlaunum í mars 2022 einungis 66% hjá hjúkrunarfræðingum sem starfa hjá ríkinu. Hlutfall dagvinnu fer því lækkandi en árið 2017 var það 71% og 76% árið 2007.



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið



Um helmingur starfandi hjúkrunarfræðinga er nú í dagvinnu en 2019 var þetta hlutfall rúmlega þriðjungur. Það er því vaxandi hlutfall hjúkrunarfræðinga í dagvinnu. Þá kemur ekki á óvart að Landspítali er langstærsti vinnustaður hjúkrunarfræðinga hjá ríkinu:



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Byrjunarlaun hjúkrunarfræðinga á Landspítala eru nú 525.266 kr. Við það bætast greiðslur fyrir starfsaldur, viðbótarmenntun og hæfni sem þýðir að meðaldagvinnulaun almennra hjúkrunarfræðinga á Landspítala eru um 650 þúsund krónur á mánuði. Meðalaldur starfandi hjúkrunarfræðinga er hins vegar 45 ár. Launin eru því í engu samræmi miðað við 4 til 6 ára háskólamenntun, yfir 20 ára starfsreynslu, starfstengt álag og ábyrgð.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga kallar eftir því að meta þurfi sérstaklega ábyrgð hjúkrunarfræðinga til launa í samanburði við aðra háskólamenntaða sérfræðinga sem starfa hjá ríkinu og vísar í því samhengi til niðurstöðu gerðardóms frá 1. september 2020 þar sem segir m.a. „...að hjúkrunarfræðingar séu vanmetin kvennastétt hvað varðar laun með tilliti til ábyrgðar. Sérstaklega á þetta við þegar horft er til þess að almennir hjúkrunarfræðingar eru gjarnan í hlutverki teymisstjóra og samhæfingaraðila milli annarra fagstétta. Þá eru þeir ráðgefandi í framlínu og fyrsta snerting skjólstæðings í bráðatilfellum.“

Sú mikla yfirvinna, samhliða auknu vinnuálagi hjúkrunarfræðinga er ekki til að laða þá til starfa eða halda þeim í starfi, eins og við sjáum raungerast þessa mánuðina í flótta úr þessum störfum. Samkvæmt könnun félagsins síðasta haust kemur í ljós að rúmlega tveir



Þriðju hafa alvarlega íhugað að hætta í starfi á síðustu tveimur árum, þó um 70% hjúkrunarfræðinga séu ánægðir með starfið. Þetta sýnir að þrátt fyrir að hjúkrunarfræðingar séu ánægðir með starfið, er starfsumhverfið það óásættanlegt að þeir treysta sér varla til þess að vinna lengur í því. Að öllu óbreyttu er ekki heldur hægt að ganga að því vísu að hjúkrunarfræðingar haldi áfram að vinna þessa gífurlegu yfirvinnu.

Þá er ljóst að hjúkrunarfræðingar hugsa sig tvisvar um hvort þeir taki að sér aukavakt þegar þeir eiga það á hættu að verða sóttir til saka í starfi vegna brots sem rekja má til röð atvika sem eru kerfislæg.

Til marks um aukið álag í störfum hjúkrunarfræðinga þá hefur þeim fjölgað sem hafa hrökklast úr starfi vegna langvarandi veikinda eða kulnunar í starfi og hafa greiðslur sjúkradagpeninga til félagsfólks hátt í fjórfaldast á undanförunum fimm árum. Auk þess hefur fjöldi hjúkrunarfræðinga sem leita sér aðstoðar VIRK tvöfaldast á árunum 2018-2021.

Laun hjúkrunarfræðinga eru því ekki í samræmi við þá miklu ábyrgð og álag sem þeir hafa þurft að mæta í sínum störfum að undanförunu og er nauðsynlegt að það verði leiðrétt tafarlaust svo það skapist friður á vinnumarkaði hjúkrunarfræðinga. Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir frekara brottfall úr starfi og fá aðra hjúkrunarfræðinga aftur til starfa sem hafa þegar hætt störfum. Eins og fram kemur í heilbrigðisstefnu yfirvalda til 2030 er þetta mikilvægt þar sem viðeigandi mönnun vegur þungt í öryggi sjúklinga og gæðum heilbrigðisþjónustunnar.

Fyrir hönd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga,

Guðbjörg Pálsdóttir formaður